

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Bæjarflöt 19.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar suður vegna lóðarinnar nr. 19 við Bæjarflöt. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir færanlega stofu sunnan við íþróttahús Kennaraháskóla Íslands. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Blikastaðavegur 2-8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á lóðinni, stækka byggingarreiti, færa þá til og breyta stærðarsamsetningu þeirra, leyfa byggingarmagn að færast milli byggingarreita ásamt því að hluti ytri byggingarreits er skilgreindur sem byggingarreitur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 55.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0, ásamt síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 55 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að heimilt er að hækka lyftu/stigahús um 60 cm, nýta þakfleti á stöllum byggingar sem þaksvalir/þakgarða og breyta bílastæðakröfum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Rangársel 15.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi að Rangárseli 15. Í breytingunni felst færanleg kennslustofa, stækkun lóðar og aukið byggingarmagn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. júlí 2018.*

**Björn Axelsson.**